



Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóri FAS

Reykjavík, 4. september 2025

MSS25070012

UMSÖGN

Umsögn um endurnýjun samnings Reykjavíkurborgar við Samtökin '78 og um aukið fjárframlag

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs við bréfi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, sem barst þann 4. júlí sl., varðandi drög að endurnýjuðum samningi Reykjavíkurborgar við Samtökin '78 og um aukið fjármagn vegna verkefna samtakanna á sviði skóla-, leikskóla-, frístunda- og íþróttamála til næstu þriggja ára.

Lagt er til að árlegur kostnaður vegna samningsins nemi kr. 15.112.000,- og að kostnaður verði greiddur af miðlægum samningum.

Eldri samningur Reykjavíkurborgar við Samtökin var gerður til eins árs og rann út þann 31. maí sl. Árlegur kostnaður vegna þess samnings var kr. 8.905.400,- samkvæmt upplýsingum frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Í núverandi samningsdrögum er lagt til að fræðsla verði veitt starfsfólki í skóla- og frístundastarfi, fræðslu til barna og ungmenna í 3., 6. og 9. bekk grunnskóla, fræðslu til starfsfólks leikskóla og fræðslu til hverfisfélaga innan íþróttabandalags Reykjavíkur. Ennfremur er lagt til að Reykjavíkurborg greiði framlag vegna ráðgjafapjónustu til að sinna stuðningsviðtölum fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra. Beiðni um aukningu á fjármagni sem lögð er til í þessum samningi felur í sér að aftur verði tekin upp fræðsla fyrir 3. bekk grunnskóla og fræðsla til starfsfólks leikskóla.

Í samningsdrögum kemur fram að markmið Samtakanna '78 sé að vinna að sýnileika og viðurkenningu hinsegin fólks og berjast fyrir því að það njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin leitast við að breyta fordómum, hroka og andúð í garð hinsegin fólks í viðurkenningu, sátt og mannvirðingu. Samtökin sérhæfa sig í að sinna þörfum hinsegin fólks og aðstandenda þess, m.a. með því að veita ráðgjöf og stuðning, skapa því félags- og menningarlegan vettvang, styrkja sjálfsvitund þess og samkennd, berjast fyrir réttindum þess og standa fyrir fræðslu um reynslu þess og sérstöðu.

Sú þjónusta sem hinn nýi samningur felur í sér varðar að meginstefnu til grunnfræðslu um hinsegin fólk og hinsegin málefni til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi og er hluti af regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Fræðslan nær til þeirra 38 grunnskóla sem tilheyra



Reykjavík



Reykjavíkurborg og fer fram einu sinni á ári í að lágmarki 2 klukkustundir í senn. Gert er ráð fyrir 38 erindum árlega.

Auk þessa er lagt til að veitt verði fræðsla til barna og ungmenna í grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Fræðslan er veitt til 3., 6. og 9. bekkja grunnskóla og fer fram einu sinni á ári á hverju grunnskólastigi fyrir sig. Um er að ræða 164 erindi á ári.

Þá er lagt til að veitt verði fræðsla til starfsfólks þeirra 66 leikskóla sem starfa innan Reykjavíkurborgar eða samtals 66 fræðsluerindi. Einnig fræðsla fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða hverfisfélaga innan íþróttabandalags Reykjavíkur. Verði sú fræðsla veitt annað hvert ár innan hvers hverfisfélags ÍBR eða tvisvar á samningstímabilinu. Auk þess skuli halda tvö hinsegin erindi fyrir önnur félög innan ÍBR annað hvert ár.

Samtökin skuldbinda sig jafnframt samkvæmt samningsdrögum að veita félags- og ráðgjafapjónustu þar sem háskólamenntaðir ráðgjafar sinni stuðningsviðtölum fyrir hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendur þeirra. Verði sú þjónusta gjaldfrjáls fyrir þjónustupega en óskað er eftir að Reykjavíkurborg greiði framlag samkvæmt fyrirbyggjandi samningsdrögum að fjárhæð kr. 3.500.000,- til að standa straum af þeirri þjónustu.

Samanlagður kostnaður vegna þeirrar fræðslu sem samningsdrögin bera með sér nemur samtals kr. 15.544.800,-.

Gert er ráð fyrir að samningurinn gildi til 31. maí 2027 frá undirritun hans en að þeim tíma liðnum verði samið að nýju og þá til lengri tíma í senn. Greiðslur samkvæmt samningi skulu vera eftirfarandi:

Árið 2025: Í nóvember komi til útborgunar kr. 7.556.100,-

Árið 2026: Í maí komi til útborgunar kr. 15.112.200,-

Árið 2027: Í maí komi til útborgunar kr. 7.556.100,-

Umsögn:

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið erindi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til skoðunar. Samkvæmt eldri samningi, sem rann út í maí sl., námu fjárframlög Reykjavíkurborgar til hinsegin fræðslu kr. 8.905.400,- og er því um hækkun á framlagi að ræða samkvæmt hinum nýju samningsdrögum.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir núverandi rekstrarár 2025 hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstöku viðbótarframlagi til Samtakanna 78. Ef litið er til næsta árs, þ.e. 2026, hefur fjárheimildum þegar verið úthlutað og má ætla að brautargengi þessa verkefnis ráðist af forgangsöröðun fjárheimilda innan ramma og/eða skyldra málefna. Borgarráð hefur við úthlutun fjárheimilda fyrir næsta ár lagt áherslu á að við forgangsöröðun verkefna innan ramma skulu taka mið af hlutverki borgarinnar, lögbundnum skyldum og fyrirbyggjandi skuldbindingum. Lögð er áhersla á hagkvæmni við útfærslu á þjónustu og



Reykjavík



skipulagi um rekstur og framkvæmd í samræmi við markmið og megináherslur í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar. Þetta á jafnt við um lögbundna og lögheimila þjónustu.

Svigrúm Reykjavíkurborgar til aukinna útgjalda vegna ytri styrkja er lítið. Reykjavíkurborg veitir ýmsa styrki til félagasamtaka, fyrirtækja og einstaklinga fyrir starfsemi, verkefni og viðburði sem samræmast stefnumörkun borgarinnar og nýtur eftir atvikum þjónustu þeirra eins og ætlunin er með nýjum styrktarsamningi við Samtökin 78.

Fjármála- og áhættustýringarsvið getur í ljósi þess takmarkaða svigrúms sem til staðar er í fjárhagsramma borgarinnar ekki mælt með auknum útgjöldum í þetta verkefni fremur en annað sem ekki fellur undir lögbundna þjónusta en bent er á að öll viðbótarútgjöld sem ákvörðun er tekin um, þarf að fjármagna með auknum tekjum, tilfærslum á milli liða eða breyttri forgangsroðun útgjalda.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík